

Starfsáætlun



Waldorfskólinn Lækjarbotnum
2025-2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	5
Stjórnskipan skólans	6
Skilgreining skipurits	7
Starfssvið og menntun starfsfólks 2025-2026	8
Helstu viðburðir skólaársins	13
Tilhögun kennslu	14
Nemendaverndarráð	15
Stuðnings- og sérkennsla	15
Markmið sérkennslu	15
Logos	16
Milli mála	16
Heimanám	16
Tilgangur	16
Umfang	17
Skipulag	17
Dagshrynjandi	17
Nánari útfærsla kennslutíma	18
Foreldraviðtöl og foreldrafundir	20
Samstarf við aðra skóla	21
Erasmus	21
Skólabragur og skólareglur	21
Frávik frá skólareglum	22
Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð	23
Starfsáætlun skólaráðs	23
Ábyrgð fulltrúa í skólaráði	23
Foreldrafélag	24
Nemendaráð	24
Starfsáætlun nemendaráðs	24
Foreldrasamstarf	25
Símaskrá	25
Vefsíða	25
Foreldrahandbók	25
Fréttabréf	25
Samfélagsmiðlar	25
Mat á skólastarfi	26

Viðfangsefni innra mats 2025-2026	26
Umbótaáætlun	26
Upplýsingar um stoðþjónustu	27
Skólaheilsugæsla	28
Námsráðgjafi	28
Sálfræði- og barnaverndarþjónusta	28
Önnur sérfræðiþjónusta	28
Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf	28
Símenntun	29
Námskeið og gestakennarar	29
Leiðir við starfsþróun	29
Fyrirlestrar fyrir kennara, foreldra og almenning:	30
Innra samstarf og endurmenntun	30
Rýmingaráætlun	31
Starfssvæði og kort	31
Rýmingar á kennslustofum	32
Viðbrögð við vá	32
Veikindafaraldur	32
Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta	33
Viðbragðsáætlun við eldgosi	33
Viðbragðsáætlun vegna óveðurs	33
Rútupjónustu	33
Skólamáltíðir	34
Annað er varðar starfsemi skólans ár hvert	34
Skólaráð	34

Hagnýtar upplýsingar

Í *Lögum um grunnskóla nr. 91/2008* er tilgreint í 29. grein að skólar skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Waldorfskólinn Lækjarbotnum mun birta uppfærða skólanámskrá sína á starfsárinu 2025-2026 og starfsáætlun á www.waldorfskolinn.is. Bekkjarnámskrár eru birtar árlega í upphafi skólaárs. Í þessari útgáfu starfsáætlunarinnar er áhersla lögð á þau atriði sem tilgreind eru í 29. grein *Laga um grunnskóla* og talin eru upp í *Viðmið fyrir starfsáætlun grunnskóla Kópavogs* sem unnið var af Menntasviði Kópavogs.

Starfsáætlun Waldorfskólans Lækjarbotnum er upplýsingarit um skólann, auk þess sem hún er handbók og stefnumótandi rit fyrir skólastarfið. Starfsáætlunin er endurskoðuð árlega og inniheldur helstu upplýsingar um skólann, áherslur og markmið með skólastarfinu. Hún heldur einnig utan um skipulag og helstu verkefni skólaársins, fyrirkomulag kennslu, venjur og siði í skólastarfinu.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gert grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaaleyfis, páskaaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þegar ljóst er að starfsáætlun skóla hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds skal hún lögð fyrir skólanefnd Menntasviðs Kópavogs til staðfestingar.

Skólaárið 2025-2026 hefst á starfsdegi 12. ágúst með endurmenntun og starfsmannafundi en skólasetning er 19. ágúst og fyrsti skóladagur nemenda er miðvikudagur 20. ágúst. Foreldra- og nemendaviðtöl eru í október og byrjun febrúar. Skólaslit verða 4. júní 2026. Alls eru um 91 nemendur í skólanum og skiptast þeir í sex bekkjardeildir. Skólaskrifstofa er opin frá 8:30-12:30 alla virka daga.

Innritunarreglur

Öll börn á aldrinum 6 - 16 ára geta sótt um skólavist í Lækjarbotnum. Nemendur með lögheimili í Kópavogi hafa forgang. Umsókn fer fyrir inntökunefnd og starfsmannaráð til samþykkis. Í inntökunefnd sitja fulltrúar skólanefndar og stjórnar.

Innritun er háð eftirfarandi skilyrðum:

- að laus pláss séu í bekkjarárgangi barns,
- að innritunarnefnd meti álag í bekk viðunandi fyrir velferð barnsins,
- að skólinn geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart þörfum barnsins og mætt námslegum og félagslegum þörfum barnsins út frá aðstæðum og möguleikum í skólanum.

Með umsókn skal fylgja umsögn fyrri skóla/leikskóla sem og gögn um greiningar ef einhverjar eru ásamt því að foreldrar fylla út eyðublað um hagi og þroska barnsins. Inntökunefnd metur umsóknina með tilliti til ofangreindra inntökuskilyrða og leggur fyrir tillögur um innritun hjá starfsmannaráði til samþykkis.

Starfshættir inntökunefndar

Inntökunefnd sér um úrvinnslu umsókna um skólavist sem berast skólanum. Ef inntökunefnd metur að umsókn uppfylli inntökuskilyrði eru foreldrar/forráðamenn og barn boðuð í inntökuvíðtal. Ef sértækur vandi er til staðar getur inntökunefnd óskað eftir aðstoð frá grunnskóladeild menntasviðs Kópavogs til að meta hvort aðstæður í skólanum geti mætt náms- og félagslegum þörfum barnsins.

Tillögur inntökunefndar til starfsmannaráðs taka mið af:

- fyrirliggjandi upplýsingum, s.s. umsögnum frá skólum, greiningargögnum og
- inntökuvíðtali ef við á,
- félagslega og námslega stöðu og líðan í skóla,

- mat á þörf fyrir skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra

Afgreiðsla umsókna


- starfsmannaráð tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna inntökunefnda enda hafi nefndin tekið mið af ofangreindu,
- sé umsókn samþykkt tilkynnir inntökunefnd það í bréfi til foreldra,
- sé lagt til að umsókn verði hafnað skal inntökunefnd tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem fyrirhuguð synjun er rökstudd. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og þeir upplýstir um kærurétt sinn skv. 47. gr. Grunnskólalaga.

Stjórnskipan skólans

Waldorfskólinn Lækjarbotnum er heildstæður sjálfstætt rekinn grunnskóli. Samkensla tveggja árganga á sér að jafnaði stað; 1. bekkur, 2.-3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur, 8.-9. bekkur og 10. bekkur. Áhersla er lögð á viðveru umsjónarkennara í flestum kennslustundum á yngsta stigi en á öllum stigum kenna fagkennarar í samstarfi við umsjónarkennara. Áhersla er á úti- og upplifunarnám og á yngsta- og miðstigi er vettvangsferð hvern mánudag yfir allt skólaárið.

Stjórn skólans ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn og rekstri hans. Stjórn skólans ræður skólanefnd og skólastjóra til að leiða innra og ytra starf skólans í samvinnu við starfsmannaráð. Formaður stjórnar er Salbjörg Guðjónsdóttir. Skólastjóri er Björn Logi Sigurbergsson og er hann ábyrgðaraðili gagnvart stjórn ásamt skólanefnd á starfi skólans og sér um daglegan rekstur og umsjón á innra og ytra starfi skólans. Í skólanefnd sitja tveir til þrír fulltrúar starfsmannaráðs fyrir utan skólastjóra. Stjórnarfyrirkomulagið er flöt stjórnun, lárétt skipulag sem felur í sér samábyrgð og samvinnu. Vikulegir starfsmannafundir eru vettvangur fyrir sameiginlegar ákvarðanir er varða innra starf skólans, á reglulegum stjórnarfundum eru teknar ákvarðanir um rekstur skólans. Starfsmannaráð skipa allir starfsmenn skólans og taka þátt í að móta stefnu skólans og ber stjórn að hafa állit starfsmannaráðs að leiðarljósi við ákvarðanatöku.

Starfsmannafundir eru einu sinni í viku á fimmtudögum frá kl. 15-18 yfir skólaárið þar sem fjallað er um kennslufræðilega þætti starfsins, fagfundir yngri- og eldri deilda ásamt nefndarfundum haldnir. Stjórnarfundur er haldinn einu sinni í mánuði eða eftir þörfum þar sem ákvarðanir eru teknar af stjórn er lúta að skipulagi og rekstri skólans. Verksviðum starfsmannaráðs er skipt niður á nefndir. Áhersla er lögð á að jafnræði ríki meðal starfsmanna, að hver einstaklingur sé virkur, geti haft mótandi áhrif á starfið og að allir starfsmenn séu samábyrgðir fyrir því starfi sem fram fer. Skólanefnd skipuleggur starfsmannafundi og hefur yfirsýn yfir störf nefnda og ábyrgðarsviða.



Skilgreining skipurits

Starfsmannaráð kemur að innra mati skólans og skipulagi þess:

- Verksviðum starfsmannaráðs er skipt niður á nefndir.
- Allar ákvarðanir eru teknar í starfsmannaráði eða í umboði þess.
- Skólanefnd skipuleggur starfsmannafundi og hefur yfirsýn yfir störf nefnda og ábyrgðarsviða.

Stjórn skólans ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn og rekstri hans:

- Stjórn ber ábyrgð á skipulagi og rekstri skólans
- Stjórn skólans ræður skólanefnd og skólastjóra til að leiða innra og ytra starf skólans í samvinnu við starfsmannaráð.

Skólanefnd er skipuð skólastjóra og þremur fulltrúum starfsfólks. Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- samskipti við skólayfirvöld,
- samskipti við menntasvið og menntaráð Kópavogs,
- starfsáætlun skólans,
- umsjón með innra mati og gæðamati skólans,
- framkvæmd innra mats
- umbótaáætlun skólans,
- mannráðningar og mannaforráð innanhúss,
- starfshlutföll starfsmanna,
- stundatöflur og lotuplön,
- skóladagatal,
- afleysingar og skipulagning forfallakennslu,
- starfsmannavernd,
- starfsmannaviðtöl,
- samskipti við trúnaðarmenn, vinnustaðasálfræðing og eru upplýsandi/leiðandi/berandi í

- umræðu um gildi og viðmið í samskiptum.
- skipulagning símenntunar,
- umsjón með leiðsagnarkennslu fyrir kennara,
- fagleg eftirfylgni og stuðningur við kennslu,
- umsjón með kennsluáætlunum árganga,
- umsjón með námsmati, símati og leiðsagnarmati.

Hlutverk skólaráðs er fyrst og fremst samráðsvettvangur starfsmannaráðs og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð Waldorfskólans fjallar um:

- Skólanámskrá, ársskýrslu, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur, umgengnis hætti í skólanum.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, starfsmannaráði, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veitir umsögn sé þess óskað og aðstæður eru til.
- Skólaráðið fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Oikos er húsa- og lóðanefnd. Í henni sitja fulltrúi úr leikskóla og fulltrúar úr skóla. Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- öryggismál: brunaæfingar, rýmingaráætlun, hópslysaáætlun vegna skólarútu,
- umhverfismál: flokkun á rusli, safnhaugar og sorphirsla,
- skipulagning vinnuhelgar foreldra á vor- og haustönn í samvinnu við foreldrafélag,
- skipulagning garðyrkjudags á vor- og haustönn,
- skipulagning umhirðu útisvæðis yfir sumartímann í samvinnu við foreldrafélag,
- viðhald og endurbætur á eignum skólans, húsnæði og leiktækjum,
- umsjón með þrifakompum,
- framtíðarskipulag svæðisins,
- útlán á húsnæði skólans.

Vox Cultura er menningarnefnd. Í henni sitja fulltrúar frá leikskóla og skóla. Verksvið nefndarinnar er eftirfarandi:

- skipulagning stóra foreldra fundarins, einu sinni á skólaári,
- skipulag og framkvæmd skemmtana,
- skipulag starfsmannahelgi, einu sinni á hvorri önn,
- halda utan um viðburði, stórafmæli og starfsmannagjafir.

Starfssvið og menntun starfsfólks 2025-2026

Aðalheiður Jóhanna Ólafsdóttir, hrynlistakennari og sérkennsla.

Diplóma í kennslufræði frá HA, 2023.

M.A í Eurythmy-meðferð, Alanus Hochschule, Þýskaland, 2012.

B.A í Eurythmy-kennslu, Alanus Hochschule, Þýskaland, 2011.

Diploma í Eurythmy, Witten Annen Institut für Waldorfpädagogik, Þýskaland, 2010.

Anna Rut Steinsson, leiðbeinandi í handavinnu 1.-10. bekkur, ÍSAT kennsla.

Rudolf Steiner Lærerseminariet, Kaupmannahöfn, Waldorf kennaramenntun 2009-2010.
Klæðskeri, Iðnskólinn í Reykjavík, 1992-1996.
Hönnunarnám Malmö designskole, Malmö, 1991-1992.

Björg Árnadóttir, stuðningsfulltrúi, umsjónarteymi 2.-3. bekk.
BSc í næringarfræði, Háskóli Íslands, 2015-2018.
Online foundation studies in Anthroposophy and Art, Sophia institute - Rudolf Steiner, 2020-
Stafrænt "the industrial hemp training program", Norquest college, 2020.
Starfsnám í Lífaflsræktun (Biodynamic), Garðyrkjuskólinn Skillebyholm, Järna, 2019.
Hússtjórnunarskólinn í Reykjavík og Fjölbraut í Garðabæ, 2009-2014.

Björn Logi Sigurbergsson, skólastjóri, innheimtu- og launafulltrúi, stærðfræðikennari.
Viðbótardiplóma í menntun framhaldsskólakennara með áherslu á stærðfræði, Háskóli Íslands, 2024-2025
MSc í tölvuverkfræði, TU Delft, Hollandi, 2018.
BSc hugbúnaðarverkfræði, Háskóli Íslands, 2014.

Elmar Sæmundsson, skólanefnd.
Doktorsnám í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands 2024-
M.A í hagnýtri ritstjórn og útgáfu, Háskóli Íslands, 2017-2019.
Master í guðfræði og túlkunarfræði, Kaupmannahafnarháskóli, 2010-2013.
B.A í almennri bókmenntafræði, Háskóli Íslands, 2000-2006.

Gabija Balciunaitė, matráður.
Býflugurækt, námskeið, 2023-2023.
Landslagshönnun, 2022-2022.
Matreiðsluskóli, Vjdrmo , 2013-2014.
Hársnyrtiiðn, Pvdprc, 2010-2013.

Hrafnhildur Jóakimsdóttir, leiðbeinandi með umsjónarkennslu í 1. bekk, umsjónarteymi 1. bekk.
Fjallamennskunám, FAS, 2024-2025.
B.A. Tómtunda og félagsmálafræði, Háskóli Íslands, 2016-2019.
Píanó, Tónlistarskóli Sigursveins, 2007-2014.

Lidia Radkiewicz, aðstoð í eldhúsi.
Msc. Environmental science, WPUT Szczecin, 2009-2015.

Íris Björk Jakobsdóttir, fulltrúi stoðþjónustu.
Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf MA nám, Háskóli Íslands, 2019-
BS, Hjúkrunarfræði, Háskóli Íslands, 2012-2017.
Heimspeki og enska, Háskóli Íslands, 2010-2012.

Ívar Brand Hollanders, leiðbeinandi með umsjónarkennslu, umsjónarteymi 2.-3. bekk.
Waldorf kennslu- og uppeldisfræði, Bromma, Svíþjóð 2018-2019.
Listaháskóli Íslands, 2012-2013.

Ívar Zophonías Sigurðsson, leiðbeinandi með umsjónarkennslu í 6.-7. bekk, umsjónarteymi 6.-7. bekk.

Höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferðaraðili, CST1, CST2.
Upleadger stofnunin á Íslandi 2019-2020.
Tækniskólinn, rafiðnaðabraut 2015-
Borgarholtsskóli, Margmiðlunarhönnun 2009-2012.
Menntaskólinn við Sund - Viðskiptafræðibraut 2007-2009.

Kolbrún Guðmundsdóttir, leiðbeinandi með kennslu í heimilisfræði.
B.Ed kennaranám í heimilisfræði og heilsuefningu, Kennaraháskóli Íslands, 2025
Stúdentspróf, Keilir, 2020.
Matartæknir frá Menntaskólanum í Kópavogi, 2013.
Ýmis fagnámskeið, 2011-2016.

Kolbrún Kristín Karlsdóttir, ritari.
M.A í alþjóðasamskiptum, Háskóli Íslands, 2017-2022
B.A List- og fjölmiðlafræði, NTNU Þrándheimi 2002-2004
Stúdent af félagsfræðibraut, Kvennaskólinn í Reykjavík 1991-1995

Kristín Þóra Gunnlaugsdóttir, skólaliði.
BS í uppeldis og menntunarfræði, Háskóli Íslands, 2019-2022.
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut, Verzlunarskóli Íslands,
2008-2012.

Marie Luise Alf, skólanefnd.
Msc í kennslufræði á sviði listgreina, Listaháskóli Íslands, 2025-
Waldorf pädagogik, Seminar für Pädagogische Praxis, Waldorkennslufræði, 2015-2019
Framhaldsnám í nútímadansi, 2013.
B.A of Arts, Theaterpädagogik/leiklistarkennsla, Zürcher Hochschule der Künste,
Þýskalandi, 2012.

María Sara Hlíðberg, skólaliði.
Stúdentspróf af opinni braut, Menntaskólinn í Hamrahlíð, 2022-2025.

Oddný Óskarsdóttir, dönskukennari.
Cand.mag Læring og forandringsprocesser, Aalborg Universitet, 2009.
Specialpädagogik, UCN-Nordjylland, 2008.
Leikskólakennarafræði, Fósturskóli Íslands-Kennaraháskólinn, 1997.

Outi Pauliina Kuosmanen, leiðbeinandi með umsjónarkennslu í 10. bekk, umsjónarteymi 10.
bekk, og eldsmíði.
Steiner-Waldorf Thatcher Education programme - Snellman (Finnland), 2012.
B.A. almenn trúarbragðfræði, 2011.
Waldorf kennslu- og uppeldisfræði nám, 2004-2007 (Ísland).
B.A. í íslensku fyrir erlenda stúdenta HÍ, 2005.

Salbjörg Ýr Guðjónsdóttir, leiðbeinandi með umsjónarkennslu 8.-9. bekk, umsjónarteymi 8.-9.
bekk.
Nám í Waldorf kennslu- og uppeldisfræði 2018-
B.A. í myndlist, Listaháskóli Íslands, 2012-2015.
Myndlistaskólinn í Reykjavík, fornám, 2011-2012.

Leiðsöguskólinn, leiðsögunám, Ísland, 2009-2010.
International Youth Initiative Program, social entrepreneur, Svíþjóð, 2008-2009.
Kjesäters folkhögskola, Ljósmyndun, Svíþjóð, 2005-2006.

Snorri Haraldsson, leiðbeinandi með kennslu í tónlist, ensku og líffræði, umsjónarteymi 8.-9. bekk.

B.A í heimspeki, Háskóli Íslands, 2010-2013.
B.A í bókmenntafræði, Háskóli Íslands, 2010-2014.
Læknisfræði, Háskóli Íslands, 2017-2019, ólokið.
M.A Kennslufræði, Listaháskóli Íslands, 2022 (ólokið, í námsleyfi).

Snorri Sigurðarson Hertervig, smíðakennari, umsjónarteymi 6.-7. bekk.

Msc í kennslufræði á sviði listgreina, Listaháskóli Íslands, 2024.
Leikskólakennararéttindi, 2024.
B.A. í samfélagshönnun/vöruhönnun, LHÍ, 2019.
Stúdentspróf, Myndlistaskóli Reykjavíkur.

Sylvía Líf Árnadóttir, umsjónarkennari í 4.-5. bekk, umsjónarteymi 4.-5. bekk.

Meistaránám í kennslu samfélagsgreina, MT., KHÍ, 2020-2022.
BSc í ferðamálafræði með viðskiptafræði sem aukagrein, HÍ, 2015-2018.
Nám í fjölmiðlafræði og almannatengslum, Hawaii Pacific University, 2014.
Viðskiptafræðideild HR, 2013.
Náttúruvísindabraut, Kvennaskólinn, 2010-2013.

Sævar Geir Hallvarðsson, rútubílsstjóri, umsjónarmaður fasteigna.

Símsmiður (Rafeindavirki), 1989.
Nám í að forrita og tengja GDK Símkerti, London 2002.
Réttindi á öll ökutæki og allar vélar, skipstjóra réttindi á smáa báta,
Stjórnun umferða, Háskóli Reykjavíkur.

Tinna Ásgeirsdóttir, nemandavernd.

Félagsráðgjöf, HÍ, 2018-
Grafísk hönnun, Promennt, 2020.
Skrifstofuskóli NTV, 2016.
Prentsmiður/Grafískur miðlari frá lönskólanum í Reykjavík, 2007.

Védís Drótt Cortez, skólaliði.

Listfræði ágúst 2024-
Táknmálfræði og táknmálstúlkun, HÍ, ágúst 2022-
Klassískur söngur ágúst 2014-

Þóra Björg Sigurðardóttir, sérkennsla, íslenskukennari, ÍSAT og lestrarráðgjafi.

Doktorsnám: siðfræði í bókmenntakennslu, MVS HÍ 2017-
Viðbótardiplóma í íslenskukennslu, HÍ, 2022.
M.A. íslensku og menningardeild HÍ, 2011.
M.A. heimspeki HÍ, 2008.
Gender and ethnicity, Utrecht University, 2008.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: **Waldorfskólinn Lækjarbotnum**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 F Grunnkurs 2B.7 - 1.B	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F Þýðingur	1 S	1 S	1 M Þáskafri	1 F Þekkingardagurinn	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F Jólafri	2 M	2 M	2 F Þekkingur	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Þekkingurinn langi	3 S	3 M
4 M Oslókurs	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Skólasíti
5 Þ Oslókurs	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M Starfsdagur	5 F	5 F	5 S Þekkingur	5 Þ	5 F Starfsdagur
6 M Oslókurs	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þekkingurinn	6 F	6 F	6 M Þekkingurinn	6 M	6 L
7 F Oslókurs	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ Þekkingurinn	7 F	7 S Þekkingurinn
8 F	8 M Dagurinn	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M Endum /Starfsd.
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L Vinnud. foreldra	9 Þ Endum /Starfsd.
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M Endum /Starfsd.
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Luktarhátíð	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F Endum /Starfsd.
12 Þ Endum /Starfsd.	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M Endum /Starfsd.	13 L Basar vinnudagur	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M Starfsdagur	13 M	13 L
14 F Endum /Starfsd.	14 S	14 Þ	14 F Þekkingurinn	14 S	14 M	14 L	14 L	14 M Endum /Starfsd.	14 Þ	14 F Þekkingurinn
15 Þ Endum /Starfsd.	15 M	15 M Þekkingurinn	15 L Basar	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Starfsdagur	15 M
16 L	16 Þ Dagurinn	16 F Þekkingurinn	16 S Dagurinn	16 Þ Jólaskemmtun	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M	17 F Þekkingurinn	17 M Starfsdagur	17 M	17 L	17 Þ Þekkingurinn	17 Þ	17 F	17 S	17 M Þekkingurinn
18 M Starfsdagur	18 F	18 L	18 Þ	18 F Jólakemmtun	18 S	18 M	18 M	18 L Basar vinnudagur	18 M	18 F
19 Þ Skólasæðing	19 F	19 S	19 M	19 F Jólakemmtun	19 M	19 F Vetrarfrí	19 F	19 S	19 Þ Ólympíuleikar	19 F
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L Dagurinn	20 Þ	20 F Vetrarfrí	20 F	20 M	20 L Ólympíuleikar	20 L
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F Ólympíuleikar	21 S
22 F	22 M Furudalsvíka	22 M	22 L	22 M Jólafri	22 F	22 S Þekkingurinn - upphaf daga	22 S	22 M	22 F Ólympíuleikar	22 M
23 L	23 Þ Furudalsvíka	23 F	23 S	23 Þ Þekkingurinn	23 M Þekkingurinn	23 M Vetrarfrí	23 M	23 F Þekkingurinn	23 L	23 Þ
24 S	24 M Furudalsvíka	24 F	24 M	24 M Þekkingurinn	24 L	24 Þ Vetrarfrí	24 Þ	24 F Þekkingurinn	24 S	24 M
25 M	25 F Furudalsvíka	25 L Þekkingurinn	25 Þ	25 F Þekkingurinn	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Þekkingurinn	25 F
26 Þ	26 F Furudalsvíka	26 S	26 M	26 F Þekkingurinn	26 M	26 F	26 F	26 S Þekkingurinn	26 Þ	26 F
27 M	27 L	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 M
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M Starfsdagur	29 M	29 L	29 M Jólafri	29 F	29 S Þekkingurinn	29 S	29 M	29 F	29 M
30 L Vinnud. foreldra	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Adventugurður	30 F	30 M	30 M	30 L	30 S	30 Þ
31 S		31 F		31 M Þekkingurinn	31 L			31 F Þáskafri	31 S	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skóladagur og foreldrabáttaka

Helstu viðburðir skólaársins

Ágúst

12.- 18. ágúst - Starfsdagar
19. ágúst - Skólasetning
30. ágúst. - Vinnudagur foreldra

September

8. sept. - Dagur læsis
13. sept.- Basar vinnudagur foreldra
22.- 26. sept. - Furudalsvika
29. sept. - Starfsdagur

Október

7.-10 okt. - Foreldraviðtöl
14.-17. okt. - Þemadagur
20.- 24. okt. - Haustfrí
25. okt. - Fyrsti vetrardagur
31. okt. - Hrekkjarvaka

Nóvember

11. nóv. - Luktarhátíð
15. Nóv. - Basar
16. nóv. - Dagur íslenskrar tungu
17. nóv. - Starfsdagur
30. nóv. - Aðventugarður

Desember

16. des. - Jólaskemmtun
18. des. - Jólamatur
19. des. - Jólaball
22. - 4.jan. -Jólafrí

Janúar

1. janúar - Nýársdagur
5. janúar - Starfsdagur
6. janúar - Þrettándinn
23. janúar - Bóndad., þorablót

Febrúar

3. -6. febrúar - Foreldraviðtöl
6. feb. - Dagur leikskólans
7. feb. - Dagur tónlistarskólans
11. feb. - Dagur íslenska táknmálsins
13. feb. - Sólarkaffi
16. feb. - Bolludagur
17. feb. - Sprengidagur
18. feb. - Öskudagur
19. -24. feb. - Vetrarfrí

Mars

4. mars. - Stóri foreldradagurinn
13. -14. mars. - Starfsmannahelgi
14. mars. - Dagur stærðfræðinnar
26. mars. - Páskaskemmtun
27. mars. - Páskamatur
30. Mars – 6. apríl. - Páskafrí

Apríl

7. apríl - Fyrsti skóladagur e. Páskafrí
18. apríl. - Basar vinnudagur
23. apríl. - Sumardagurinn fyrsti

Mái

1. maí. - Verkalýðsdagurinn
9. maí. - Vinnudagur foreldra
14. maí. - Uppstigningardagur
15. maí. - Starfsdagur
19.-22. maí. - Ólympíuleikar
24. Maí. - Hvítasunnudagur
25. Maí. - Annar í Hvítasunnu

Júní

2. júní - Sjómannadagurinn
4. júní - Skólaslit
5. - 11 júní - Starfsdagar
17. júní - Lýðveldisdagurinn

Tilhögun kennslu

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum byggir skólastarfið á Waldorf uppeldis- og kennslufræði. Mikil áhersla er lögð á að stuðla að alhliða þroska nemandans. Uppeldisfræðin hvílir á tveimur meginstoðum: Annars vegar viðhorfum til mannsins og þeirri sýn á veru og eðli mannsins sem birtist í mannspeki Rudolf Steiner og hins vegar þeim hugmyndum sem hann setti fram um félagslega uppbyggingu samfélagsins. Kennsluáætlanir og lotuplön sem gefa yfirlit yfir hvert skólaár eru aðgengilegar á vef Waldorfskólans og afhent foreldrum í upphafi skólaárs.

Jöfn áhersla er lögð á vitsmunalegan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska nemandans. Með vitsmunabroska er m.a. átt við skólun skapandi hugsunar með tilliti til almennrar þekkingar og fræðilegra þátta. Með tilfinningabroska er m.a. átt við listrænan þroska, fagurfræðilegt skynbragð, siðgæðis- og félagsþroska. Með líkamlegum þroska er m.a. átt við hreyfiþroska, skólun viljans og verklega leikni. Rík áhersla er á listræna og verklega nálgun í allri kennslu. Reynt er að samtvinna alla þessa þætti þar sem mögulegt er og hafa kennsluna eins fjölbreytta og viðfangsefni og aðstæður bjóða upp á. Leitast er við að ná fram lifandi áhuga nemandans á viðfangsefnunum og koma til móts við þarfir og kröfur hans sem einstaklings.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum byggir kennslan á framsögn og miðlun kennarans sem verður að hafa tileinkað sér námsefnið, unnið úr því og gert að sínu eigin fyrir kennslu. Mikil áhersla er á jákvæð viðhorf, sjálfstæð vinnubrögð og skapandi vinnu. Samkennsla er í 2.-3. bekk, 4.-5. bekk, 6.-7. bekk, 8.-9. bekk en 1. bekkur og 10. bekkur eru stakir þetta skólaárið. Náíð samstarf ríkir milli Waldorfskólans Lækjarbotnum og Waldorfleikskólans Yls en þessar tvær einingar eru undir sama þaki, með sameiginlegt útisvæði, eldhús og skrifstofu. Hægt er að nálgast bekkjarnámskrár á heimasíðu skólans undir [Bekkjarnámskrár](#)

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er staðsetning skólans afgerandi og mótar hún uppeldisstarfið sem fer fram innan stofnunarinnar. Nemendum gefst kostur á að komast í nána snertingu við náttúruna og lifa með hrynjanda árstíðanna. Náttúran og náttúruupplifanir tengjast skólastarfinu á margan hátt. Námsefnið er samofið við náttúruna í Lækjarbotnum í gegnum útinám og útiveru. Hreyfing er stunduð utandyra á vorin og haustin, nemendur hafa tækifæri á skíðaiðkun á veturna og eru hvattir til að njóta útiveru hvernig sem viðrar. Verkgreinar fara að hluta til fram utandyra svo sem smíði og við kennslu áttthaga- og náttúrufræði er nærumhverfi skólans vettvangur fyrir athuganir og upplifunarnám nemenda.

Reynslan hefur sýnt okkur að í okkar nútíma samfélagi er mikilvægt að hlúa að mannlegum samskiptum. Waldorfskólinn leggur mikla áherslu á félagsþroska og á það að skapa nálægð, annars vegar á milli nemenda og kennara, og hins vegar barnanna á milli, óháð aldri og þroska.

Við viljum að nemendur geti umgengist af virðingu og metið verðleika hvers annars. Við gefum þeim eldri tækifæri til að sýna þeim yngri umhyggju og virðingu og þau yngri upplifa dugnað og færni þeirra eldri sem skapar lotningu og eftirvæntingu hjá þeim.

Í tengslum við árstíðabundnar hátíðir, sköpum við vettvang þar sem bekkirnir vinna saman þvert á árganga eða gera góðverk hver fyrir annan og ýmsir aðrir þættir skólastarfsins miða að því að efla félagsvitund.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma sérfræðipjónustu við nemendur, þ.e. námsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, skólahjúkrun og aðra stoðþjónustu. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa og metur hvaða viðbótar upplýsinga er þörf. Ráðið tekur ákvörðun um aðgerðir og framkvæmd þeirra. Í nemendaverndarráði situr fulltrúi skólaneftndar, fulltrúar kennara og fulltrúar Menntasviðs Kópavogs. Ráðið veitir ráðgjöf og stuðningi í málum nemenda eftir þörfum.

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Á fundum ráðsins er farið yfir þau mál sem vísað er til þess, eða eru í vinnslu innan skólans. Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til nemendaverndarráðs. Farið er með allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál. Ákvörðun um forgangsörðun mála er tekin af nemendaverndarráði skólans. Lausnarteymi skólans fundar vikulega um stöðu nemenda og umsjónarbekkja og vísar áfram til nemendaverndarráðs þeim málum sem ekki er unnt að leysa án frekari aðstoðar.

Stuðnings- og sérkennsla

Hlutverk skólans er að styðja nemendur til heilbrigðs þroska í gegnum skólagönguna og hlúa að alhliða þroska nemenda, líkamlegum, andlegum og vitsmunalegum. Grundvöllur sérkennslu er greining á þörfum nemandans. Greiningar á þörfum nemenda eru metnar af umsjónarkennara og fagkennara eða sérfræðingum sem skólinn fær inn til ráðgjafar. Sérkennsla tekur mið af bekkjarkennslunni sem mótask fyrst og fremst af þekkingu umsjónarkennara og fagkennara á þroska barnsins og verður þannig viðbót við það starf sem unnið er í bekkjunum.

Markmið sérkennslu

- að mæta þörfum nemandans,
- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemandans,
- að efla hæfni nemenda til félagslegra samskipta,
- að auka færni nemenda í ákveðnum námsgreinum.

Leiðir: Sérkennsla fer ýmist fram í sérkennslurými eða inni í bekk. Fagkennari og umsjónarkennari meta hvern nemanda fyrir sig og gera einstaklingsáætlun þegar þörf krefur. Í sumum tilvikum getur sérkennsla farið fram að meginhluta inni í bekk og/eða í aukatímum í sérkennslurými.

Mat: Í upphafi og lok stuðningstímabils leggur fagkennari mat á stöðu nemenda í samvinnu við umsjónarkennara og skólastjóra. Til stuðnings eru einnig upplýsingar frá öðrum kennurum og forráðamönnum. Til að tryggja hag nemenda leitast fagkennari eftir stuðningi og fræðslu hjá fagaðilum utan eða innan skólans ef með þarf til að tryggja hag nemenda í samvinnu við lausnarteymi eða nemendaverndarráð eftir því sem við á.

Námsver: Þess utan hefur skólinn komið upp námsveri með viðveru sérkennara og/eða leiðabeinanda þar sem þeir nemendur sem eiga erfitt með að einbeita sér í tíma eða þurfa sértæka aðstoð við að leysa úr verkefnum sínum, geta leitað til. Í námsverinu eiga 4.- 10. bekkur þess kost að koma í morguntíma og fá þar viðeigandi aðstoð. Bekkjar- og fagkennarar geta boðið ákveðnum fjölda nemendahópsins í námsver í hverri eykt.

Námsverið er opið frá upphafi skóladags fram að morgunmat frá þriðjudegi til föstudags.

Logos

Logos er greiningartæki til að greina dyslexiu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Greiningin er tvíþætt, annarsvegar er skimun í upphafi haustannar hjá 5. bekk og 8. bekk. Foreldrar, kennarar eða sérkennari getur beðið um greiningu fyrir barn. Greining fer fram með samþykki foreldris og er kallað til fundar ef niðurstaðan er dyslexía. Skýrsla er afhent foreldri og rætt um þá þjónustu sem börn fá í kjölfarið. Foreldrum er bent á að geyma þessa skýrslu því nemendur geta lagt hana fram við inngöngu í framhaldsskóla.

Þjónusta sem nemendum skólans er boðið upp á, ef þau njóta hennar ekki þegar, er í flestum tilvikum

- aukin lestrarþjálfun í samvinnu við foreldra þar sem lesið er heima og gefin tími til æfingalesturs í skólanum,
- í nokkrum tilfellum þarf að gera einstaklingsnámskrá og laga námið að nemanda,
- útprentuð blöð með stóru letri til að auðvelda skrif á texta í kennslubók.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er ekki sett fyrir próf en tillit er tekið til nemenda sem taka kannanir á unglingastigi og þeim gefið tækifæri á að hafa lengri tíma til úrlausna og kost á að fá upplestur á könnun fyrir sig.

Milli mála

Milli mála er staðlað málkönnunarpróf sem mælir aldurstengdan námsorðaforða á íslensku og er lagt fyrir alla nemendur sem eru með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Niðurstöður prófsins gefa vísbendingar um hversu mikið barnið skilur af því sem fram fer í kennslustundum og hver stuðningsþörf barnsins er. Prófið er lagt fyrir eftir 2 ára skólagöngu á Íslandi og síðan almennt fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk eða eftir þörfum.

Heimanám

Tilgangur

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum tengist heimanám þroskastigi barna og umhverfi þess. Heimanám í hefðbundnum skilningi er ekki viðhaft á yngsta stigi en allt bóklegt og verklegt nám barnsins fer fram í skólanum. Flest verkefni eru munnleg og verkleg og eru foreldrar hvattir til að virkja börn sín í að taka þátt í daglegum athöfnum og vinna með hugtök og að dýpkun skilnings þeirra á námsefninu. Á miðstigi hefst heimanám með þeim hætti að í vikulok fer kennari yfir verkefni vikunnar og ef vantar upp á vinnu taka nemendur námsbækur sínar heim til að fullvinna. Einnig eru nemendur hvattir til að afla upplýsinga um ákveðin námsefni. Á unglingastigi hefst hefðbundið heimanám.

Umfang

Heimanám er einstaklingsmiðað og fer eftir hvar barnið er statt, þroska- og vitsmunalega séð. Á unglingastigi er fyrst ætlast til að nemendur stundi hefðbundið heimanám og skili skrif- og lestrarverkefnum ásamt öðrum verkefnum sem kennarar leggja fyrir.

Skipulag

Kennarar leggja fyrir heimanám og virkja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða. Á yngra- og miðstigi eru foreldrar virkjaðir til þátttöku með tillögum frá kennurum til að tengja námsefnið við daglegt líf nemenda.

Dagshrynjandi

Nemendur koma flestir með skólarúttunni í skólann og er hún komin í Lækjarbotna kl. 8:30. Skóladagurinn hefst með morgungöngu á haustin og vorin, en þá stoppar rútan við afleggjarann upp í Lækjarbotna og börnin ganga síðasta spölinn í skólann ásamt kennurum og starfsfólki um 1 km gönguleið. Yfir háveturinn hefst skóladagurinn á morgunsöng, en þá safnast allir nemendur og kennarar skólans saman í árgangaskiptum skólabyggingum og syngja morgunsöng.



Stundatöflu er skipt í þrjár eyktir og eru þrjú fög kennd í þrjá til fjóra daga í fjögurra vikna lotum.

Á mið- og unglingastigi eru fagtímar kenndir tvo daga í viku, mánudag og þriðjudag. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina. Fyrsta eykt er morgunkennslustund þar sem bókleg fög eru kennd í fjögurra vikna lotum, fimm daga vikunnar. Eftir morgunhressingu og útiveru er önnur eykt þar sem tungumál og listræn fög eru kennd í fjögurra vikna lotum. Í hádeginu snæðir hver bekkur með kennara eða leiðbeinanda. Áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til samskipta og umræðna við samnemendur sína og starfsfólk skólans. Þá er hádegismatur þar sem hver bekkur snæðir með kennara.

Eftir hádegi er þriðja eykt sem inniber útiveru og leiki innan frístundar hjá yngri bekkjunum en frá 5. bekk eru listræn og verkleg fög kennd í fjögurra vikna lotum. Í lok dags er hressing áður en skólarúturnar leggja af stað heim kl. 14:30. Nemendur í 1.-5. bekk fara í vettvangsferðir með nesti einu sinni í viku (á mánudögum). Nemendur 6.-10. bekkur eru með vikulega fagtíma í íslensku, stærðfræði og dönsku, fyrir utan lotukennsluna sem og bekkjartíma /lífsleiknitíma.

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda og skipting milli greina er í samræmi við eftirfarandi töflu úr Aðalnámsskrá Grunnskóla: Almennur hluti, 2011. Í töflunni eru sýndar mínútur á viku en í Waldorfskólanum Lækjarbotnum eru tvær 40 mínútna kennslustundir samliggjandi í tveimur eyktum á dag, auk morguneyktar sem innber þrjár 40 mínútna kennslustundir í upphafi dags.

Námssgreinar - Námssvið	1.-4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
NÁTTÚRUGreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; TRÚARBRAGÐAFRÆÐI, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Nánari útfærsla kennslutíma

- 1. bekkur 30 kennslust./viku·
- 2.-3 bekkur 30 kennslust./viku·
- 4.-5. bekkur 32 kennslust./viku·
- 6.-7. bekkur 35 kennslust./viku·
- 8.-9. bekkur 37 kennslust./viku·
- 10. Bekkur 37 kennslust./viku

Í 1. bekk í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er deginum ekki skipt upp í kennslustundir heldur er reynt að skapa heildræna kennslu þar sem virðing fyrir hinu litla barni er í hávegum höfð. Hér er horft til þess að lögð sé rík áhersla á að kennslan styðji við barnið og aðstoði það við að tengjast sjálfu sér og umheimi sínum til að það geta notað krafta sína á sjálfstæðan hátt þegar fram líða stundir. Á þessum árum er mest unnið með vilja, þ.e. lært út frá því að framkvæma og í gegnum það ná til krafta hugans.

Til að ná þessum markmiðum hafa dagarnir, vikurnar og árið sína reglubundnu hrynjandi sem tengist árstíðunum. Börnin fá tilfinningu fyrir deginum, vikunni, fyrir árstíðunum og hvíla í þessari hrynjandi. Leitast er við að námið sé ríkt af upplifunum og handföstum verkefnum sem alltaf tengjast barninu og nærumhverfi þess.

Í 2.-3 bekk eru viðfangsefnin íslenska og stærðfræði, textílmennt, sjónlistir, formteikning, umhverfismennt/garðyrkja, sund, lífsleikni og félagsþroski, smíði, tónmennt og sviðlist í stundaskrá.

Í 4.-5. bekk eru viðfangsefnin íslenska, stærðfræði, enska, lífsleikni og félagsþroski, nátturufræði, samfélagsfræði, landafræði, umhverfismennt/garðyrkja, sund og útivist, formteikning, smíði sjónlist, textílmennt og heimilisfræði. Einnig er tónmennt, hrynlísta og sviðslist í stundaskrá.

Í 6.-7.. bekk eru viðfangsefnin íslenska, stærðfræði enska og danska. Aðrar námsgreinar eru: jarðvísindi, stjörnufræði eðlisvísindi, samfélagsfræði, mannkynssaga, sund og útivist, umhverfismennt/garðyrkja, lífsleikni og félagsþroski, heimilisfræði, textílmennt, tónmennt, sviðslist, sjónlist, formteikning og hrynlísta í stundaskrá

Í 8.-9. bekk eru viðfangsefnin íslenska, stærðfræði, danska, enska, samfélagsfræði, kynjafræði, mannkynssaga, lífvísindi, stjörnufræði, eðlis- og efnafræði, jarðfræði, sviðslist, formteikning, leir, hrynlísta, smíði, textílmennt, eldsmíði, heimilisfræði, umhverfismennt/garðyrkja, sund og íþróttir, lífsleikni og félagsþroski, upplýsinga- og tæknimennt, val í stundaskrá.

Í 10. bekk eru viðfangsefnin stærðfræði, íslenska, danska, enska, lífsleikni og félagsþroski, samfélags- og trúarbragðafræði, þjóðfélagsfræði, jafnréttis- og kynjafræði, val og íþróttir, upplýsinga- og tæknimennt, eðlis- og efnafræði, líffræði, mannkynssaga, vistfræði, umhverfismennt/ garðyrkja, textílmennt, sjónlist, leir, smíði, eldsmíði, sviðslist og tónmennt.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf eru ekki á skólaárinu 2025-2026.

Vettvangsferðir og skólaferðalög

Á yngsta og miðstigi eru vettvangsferðir alla mánudaga. Í lok skólaárs fara allir nemendur með umsjónarkennurum sínum í skólaferðalag. Í lok 10. bekkjar er farið í útskriftarferð til Evrópu en aðrir árgangar ferðast innanlands.

Á skólaárinu eru skipulögð ferðalög að þessu sinni eftirfarandi:

Yfir skólaárið fara 1. og 2. -3. bekkur í fjölbreyttar vettvangsferðir í og um Reykjavík og nágrenni. Áhersla er lögð á borgarmenningu, fjöruferðir og heimsóknir á söfn, svo sem bókasöfn, Árbæjarsafnið og listasöfn.

Nemendur í 4.-5. bekk munu í ár fara í bekkjarferð í Borgarfjörð með það í huga að mynda lifandi tenginu við Íslandssöguna með fróðleik og kynnisferðum tengt landnámi og upphafi Íslandsbyggðar. Þau munu gista eina nótt, elda og vaska upp, efla hópandan og eiga góðar stundir saman.

Nemendur í 6.-7. bekk fara í þriggja daga fræðsluferð til Skaftafells þar sem nemendur dvelja í grunnskólanum Hofgarði undir Vatnajökli. Nemendur eru í landafræði og plöntufræði á hausttönn og nýta ferðina til fræðslu og skemmtunar ásamt því að dýpka skilning sinn í návígi við einstaka náttúru þjóðgarðsins. Einnig heimsækja þau eldfjalla- og jarðskjálftasýninguna á Hvolsvelli ásamt því að skoða írsku hellana í nágrenni Hellu.

Nemendur í 8.-9. bekk halda í fimm daga ferðalag í lok ágúst og ganga Laugarveginn. Gangan eflir félagsleg tengsl, þrautseigju nemenda og jákvæða upplifun af útivist. Nemendur fá að upplifa stórbrotna náttúru, mæta ólíkum veðrum, temja sér að vinna saman og passa upp á hvort annað. Á hluta göngunnar eru nemendur hvattir til að ganga einir í röð til að fá tíma til að íhuga umhverfi sitt og njóta náttúrunnar með sjálfum sér. Einnig verður farið í gönguferð um mánaðarmót apríl-maí.

Á skólaárinu mun 10. bekkur fara í ferð til Skaftholts. Skólinn er með sterk vinabönd við Skaftholt en það er bóndabær í Gnúpverjahreppi. Þar er stunduð lífræn ræktun og þar er jafnframt sambýli einstaklinga með fötun. Vorferð um mánaðarmót apríl-maí er enn óákveðin hvort það verði ferðast innanlands eða til útlanda.

Foreldraviðtöl og foreldrafundir

Foreldraviðtölin byggja á 20 mínútna einstaklingsviðtölum við foreldra barna í skólanum. Umsjónarkennari og eftir atvikum fagkennari eða sérkennari ræða um börnin, þroska þeirra og námsframvindu, líðan og félagslega stöðu. Viðtölin fara fram tvisvar sinnum á vetri, einu sinni á hvorri önn. Á unglingastigi eru nemendur boðaðir með foreldrum í foreldraviðtöl a.m.k. einu sinni á vetri. Bekkjarkennari á einnig formlegt samtal við hvern einstakan nemanda á unglingastigi einu sinni á vetri innan skólatíma. Þar fyrir utan er reynt að skapa rými fyrir einsleg samtöl þegar þess er þörf. Nemendur hafa almennt mjög gott aðgengi að kennurum og lögð er áhersla á trúnaðartraust milli nemenda og kennara.

Einnig eru haldnir foreldrafundir hjá hverjum bekk tvisvar til fjórum sinnum á ári sem þar sem allir foreldrar bekkjarins koma saman. Bekkjarkennari heldur utan um þessa fundi og eru þeir einkum ætlaðir til að miðla upplýsingum, ræða um kennsluefnið og þroskaferil barnanna, félagslega stöðu og líðan nemenda. Við skólasetningu fá allir foreldrar afhenda foreldrahandbók þar sem fram koma upplýsingar um skólastarfið á komandi skólaári. Einu sinni á hverju skólaári er foreldrafundur sem allir foreldrar eru boðaðir á. Sá fundur er haldin á vorönn en á sér ekki fastan dag í skóladagatali. Þá er gjarnan fenginn utanaðkomandi aðili til að halda erindi um eitthvað ákveðið þema, Waldorf uppeldisfræðina eða annað sem tengist starfi skólans og er til fræðslu og uppbyggingar.

Sú sérstaða tíðkast í mörgum Waldorf skólum að kennarar yngstu barnanna (1.-4. bekk) fari í heimsókn á heimili nemenda sinna. Heimsóknin veitir kennaranum tækifæri á að upplifa barnið á heimavelli þess og njóta samveru með foreldrum og barninu í þeirra umhverfi. Þetta er gert þar sem því er komið við. Hver kennari ákveður símatíma og með hvaða hætti þeir haga símtölum frá foreldrum. Foreldrum er einnig bent á að hringja á skólatíma og kennari hringir til baka þegar tækifæri gefst.

Val nemenda í 8.-10. bekk

Waldorfskólinn metur val foreldra og nemenda á að stunda nám við skólann sem hluta af vali nemenda í 8.-10. bekk. Valnámskeið eru kennd í lotum og er hver tími tvær kennslustundir í senn. Valnámskeiðin eru kennd í 4 vikna lotum yfir árið. Valnámskeið eru skipulögð í samráði við þarfir og óskir bekkjarins og einkum hugsuð til að víkka út sjóndeildarhring nemendanna og stuðla að aukinni lífsfyllingu. Þær óskir sem komið hafa fram þetta árið er m.a. tungumálakennsla, matreiðsla, kofasmíði, myndlist, leiklist, ljósmyndun og skýlmingar. Nemendum gefst einnig kostur á að skrá niður þátttöku sína í tómstundum/íþróttum, skipulögðu félagslífi eða sjálfböðastarfi og fá hana metna sem valfag (mest fjórar kennslustundir á viku).

Nemendur í 10. bekkur vinna að listrænu lokaverkefni. Hver nemandi velur eigið viðfangsefni sem hann vinnur að alla önnina í samráði við leiðbeinanda. Verkefnið felst í því að búa eitthvað til frá grunni og útlista það skriflega og á listrænan hátt með framsögu við hátíðlegt tækifæri. Þetta samsvarar um tveimur klukkustundum á viku yfir skólaárið. Nemendur velja einnig í samstarfi við umsjónarkennara hvert farið er í útskriftarferð.

Samstarf við aðra skóla

Skólinn á ekki í formlegu samstarfi við aðra skóla en töluvert er um bekkjarferðalög skandinavískra og baltneskra Waldorf nemenda og kennara til Íslands. Í gegnum samstarfið hafa þeir fengið gistingu í skólanum og myndað tengsl við íslenska Waldorf nemendur. Nemendafélagið og einstaka bekkir skólans hafa fengið boð og boðið heim nemendum úr Waldorfskólanum Sólstöfum til að taka þátt í sameiginlegum skemmtunum.

Erasmus

Sumarið 2024 fékk Waldorfskólinn Lækjarbotnum viðurkenningu sem Erasmus skóli. Sú viðurkenning reyndist kennurum og nemendum aldeilis lyftistöng sem skilaði sér bæði í kennslu og endurmenntun með jákvæðri innspýtingu. Skólinn mun því miður ekki taka þátt á komandi skólaári en mun aftur á móti mæta aftur til leiks næsta skólaár 2026-2027 sem mun gefa skólanum enn á ný ótal tækifæri til samstarfs við skóla vítt og breitt um Evrópu.

Skólabragur og skólareglur

Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er að hver og ein manneskja sýni sjálfri sér, öðrum og umhverfi sínu virðingu með framkomu sinni, orðum og gerðum. Við þurfum hvert og eitt að taka ábyrgð á sjálfum okkur í samfélagi manna og sýna vilja til góðra verka. Í stað þess að einblína á reglur, boð og bönn er hvatt til jákvæðra samskipta, því að byggja upp sjálfstraust og sjálfsaga. Með því að þjálfa með nemendum sjálfstjórn er lögð áhersla á að rækta með þeim hæfnina til þess að meta aðstæður, hugsa áður en þeir framkvæma og meta hugsanlegar afleiðingar orða og verka. Með auknum sjálfsaga læra nemendur að taka ábyrgð á orðum og athöfnum.

Skólareglur eru settar fram af starfsfólki skólans og nemendum sjálfum og yfirfarnar reglulega.

1. Nemendur koma fram af virðingu við starfsfólk skólans og samnemendur og sýna almenna kurteisi og tillitssemi í orði og verki.
2. Nemendur fylgja fyrirmælum starfsfólks.
3. Nemendur ganga hljóðlega um skólahúsnæði. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver starfsmaður og nemandi á rétt á því að fá frið til að sinna sínum verkefnum í leik eða starfi.
4. Nemendur ganga vel um skólann, eigur hans og annarra jafnt úti sem inni.

5. Skólaíðin er leiksvæði okkar allra og við sýnum sanngirni í leik og starfi. Snjókast stundar engin/n án gagnkvæmrar vitundar og samþykkis annarra. Þetta á við um alla leiki. Nemendur renna sér á sleðum sunnan megin við rauða húsið. Krafa er um hjálm og annan viðeigandi hlífðarbúnað ef börnin renna sér á öðru en venjulegum snjóþotum (s.s. stýrissleðar, snjóbretti, skíði o.þ.h).
6. Ekki er leyfilegt að stunda fótbolta á skólaíðinni.
7. Ekki er leyfilegt að yfirgefa svæðið nema með sérstöku leyfi.
8. Nemendur mæta stundvíslega í tíma.
9. Notkun farsíma eða annarra rafeindatækja er ekki leyfileg á skólatíma.
10. Neysla sælgætis, gosdrykkja, tyggigúmmis og íþróttadrykkja, í drykkjar- eða duftformi, er óheimil á skólatíma. Neysla koffíns er einnig óheimil.
11. Notkun tóbaks, nikótínþúða, rafretta eða annarra vímuefna er stranglega bönnuð.

Frávik frá skólareglum

Mikilvægt er að starfsmenn, foreldri og nemendur séu meðvituð um æskilega hegðun og viðbrögð við hegðunarfrávikum. Hegðunarfrávikum er skipt upp í tvö stig eftir alvarleika. Flestum málum lýkur yfirleitt með leiðsögn og ábendingu, það á við um öll mál sem flokkast undir fyrsta stigs hegðunarfrávik.

1. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að tilfinningaviðbrögð, sinnu- og skeytingarleysi ráði för og því ástæða til að leiðbeina barni um hegðun. Dæmi:

- Fylgir ekki fyrirmælum.
- Ögrun, þras, endurtekin rifrildi, hávaði sem truflar athafnir og vinnu annarra.
- Særandi eða niðrandi orðbragð.
- Hrindingar og ögrandi snertingar.
- Óstundvísi og of sein mæting í tíma.
- Símanotkun og notkun annara tækja með óleyfilegum hætti.

Viðbrögð og eftirfylgni 1. stigs fráviks

Nemandi er tekinn afsíðis frá hópnum og rætt er við hann. Grennslast fyrir um málsatvik. Nemandi er leiðbeint og lögð áhersla á að hann skilji hvaða reglu hann braut og viti hvernig hann á að bregðast við næst. Lögð er áhersla á að kennari/starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu. Ef nemandi sýnir ítrekað fyrsta stigs hegðunarfrávik samsvarar það 2. stigs hegðunarfrávik og skal framfylgt samkvæmt því.

2. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að illgirni, mikil vanstilling og/eða vanvirðing ráði athöfnum og/eða orðum nemenda, atferli sem veldur öðrum vanlíðan. Dæmi:

- Endurtekin stríðni, vanvirðing og eða hrekkir.
- Stympingar og áflog.
- Óhlýðni og móttþrói við að fylgja fyrirmælum.
- Skróp í tíma.
- Endurtekin notkun síma og annara tækja með óleyfilegum hætti.
- Skemmdir eða hnúpl á eigum skólans eða annarra.

Viðbrögð og eftirfylgni 2. stigs fráviks

Kennari hefur samband við foreldri/a eða forráðafólk. Kennari skráir atvikið. Daginn eftir gera foreldrar grein fyrir því hvaða niðurstöður samtal þeirra og nemenda skilaði með símtali eða tölvupósti. Ef kennari telur þörf á eru foreldri ásamt barni boðuð í samtal.

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni eftir 2. stigs frávík

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni enda þá orðin alvarleg truflun á skólastarfi þá kallar bekkjarkennari námsráðgjafa, foreldri/a og barn á fund þar sem unnin er fram umbótaáætlun. Bekkjarkennarar, námsráðgjafi og foreldri/ar vinna fram umbótaáætlun fyrir börn fram að 7. bekk. Nemandinn er síðan kallaður á fund þar sem farið er yfir umbótaáætlunina. Nemendur frá 7.- 10. bekk koma að gerð eigin umbótaáætlunarinnar.

Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

Skólaráð Waldorfskólans starfar í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla*. Eftirtaldir fulltrúar skipa skólaráð Waldorfskólans Lækjarbotnum; skólastjóri, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna og fulltrúi grenndarsamfélags

Í skólaráði Waldorfskólans eiga sæti skólaárið 2025-2026:

Björn Logi Sigurbergsson, skólastjóri.

Fulltrúar kennara: Elmar Sæmundsson og Marie Luise Alf.

Fulltrúar foreldra: Guðmundur Már Einarsson og Magnea Tómasdóttir.

Fulltrúar nemendaráðs: Kría Karitas Jónsdóttir og Sigurrós Kristín S. Hjörvar.

Fulltrúi annarra starfsmanna: Snorri Haraldsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Ívar Brand Hollanders

Starfsáætlun skólaráðs

Hlutverk ráðsins er fyrst og fremst samráðsvettvangur starfsmannaráðs og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráðið tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu skólans í uppeldisfræði og stefnu menntamálaráðuneytis um skólahald.

Skólaráð Waldorfskólans fjallar um:

- Skólanámskrá, ársskýrslu, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur, umgengnis hætti í skólanum.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, starfsmannaráði, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veitir umsögn sé þess óskað og aðstæður eru til.
- Skólaráðið fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ábyrgð fulltrúa í skólaráði

Skólaráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur og starfsmenn skólans eða annað sem þeir verða áskynja um í starfi sínu. Skólaráð fundar að jafnaði einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn eða eftir þörfum, boðað er til fundar með viku fyrirvara. Ef einhver málefni þurfa að koma á dagskrá skólaráðsfundar þarf að berast tilkynning með tveggja daga fyrirvara. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Heimilt er að fella niður fund ef mæting næst ekki.

Foreldrafélag

Innan foreldrafélagsins vinna þrír hópar; Hugur, Hjarta og Hönd, hver með sínar áherslur. Oddvitar foreldrafélagsins leiða hvern þessara hópa, sem hittast einu sinni í mánuði. Á 6-8 vikna fresti hittist stjórn foreldrafélagsins til að vinna að málefnum sínum auk þess að stilla saman strengi með vinnuhópunum. Hópar innan foreldrafélagsins funda eftir þörfum.

Hugur

Hugur einbeitt sér að skýrum samskiptaleiðum foreldra, skóla og barna. Stendur m.a. fyrir fyrirlestrum og fræðslu af ýmsum toga og styður við nemendaráð. Tekur þátt í gerð foreldrahandbókar og útfærslu á fréttabréfi.

Hjarta

Hjartað er hlýjan í starfsemi foreldrafélagsins. Það einbeitt sér að því að byggja upp samfélagið með það fyrir augum að rækta vináttu, gestrisni og þakklæti. Hjartað sér um að bjóða nýja foreldra formlega velkomna í samfélagið og hjálpar til við skipulagningu á hátíðum og samkomum yfir árið þar með talið jólabasarinn, opið hús og samverustund foreldra.

Hönd

Höndin beinir kröftum sínum að umhverfi skólans. Hún vinnur að því að viðhalda mannvirkjum á skólalóðinni, að fegra umhverfið og að tryggja öryggi nemenda og kennara. Handarhópurinn sér m. a. um að skipuleggja viðhald á skólahúsnæðinu, þróa útileiksvæði, fegra umhverfið m.a. með skógrækt og skipuleggja vinnuhelgar og helgarþrif.

Nemendaráð

Elísabet Ylfa Marinósdóttir, 8. bekk,
Kári Hrafn Helgason, 9. bekk,
Kría Karitas Jónsdóttir, 9. bekk,
Bríet Þórarinsdóttir Blöndal, 10. bekk,
Kría Solveig Pétursdóttir, 10. bekk.
Sigurrós Kristín S. Hjörvar, 10. bekk

Starfsáætlun nemendaráðs

Við Waldorfskólanum Lækjarbotnum starfar nemendaráð og bera bekkjarkennarar ábyrgð á stofnun þess. Í nemendaráði situr a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 8.-10. bekk sem nemendur úr þessum bekkjardeildum velja sjálfir. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal starfsmannaráð sjá til þess að nemendaráð fái stuðning eftir þörfum.

Nemendaráð hefur aðkomu að skólaráðsfundum og fær jafnframt til umsagnar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Nemendaráð á reglulega fundi með kennara sem er tengiliður nemendaráðs og starfsmannaráðs.

Vinna í nemendaráði í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er formleg framlenging á grundvallarstarfi skólans sem felur í sér að kenna nemendum hvað samfélag er, hvaða lögum og reglum maður mætir þegar fólk á að vinna saman, af hverju leikreglur eru nauðsynlegar, og hvernig þær verða til. Hugsjón Waldorfskólans er sú að lýðræðisþátttaka nemenda skapi góð skilyrði fyrir nemendur skólans og sé mikilvæg forsenda fyrir opnu og öruggu námsumhverfi.

Það er afgerandi fyrir sjálfsmynd nemenda að þeir upplifi að þeir geti tekið þátt í því sjálfir hvernig skólasamfélagið mótast. Waldorfskólinn leggur áherslu á að þetta verði að gerast á uppeldis-fræðilegan hátt. Væntingum um þátttöku og að fá að vera með í ákvarðanatöku verður að mæta með raunverulegum, en jafnframt raunsæjum hætti. Í 12. grein Barnasáttmálans segir að nemendur hafi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós, með þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða hag þeirra og að það sé tekið tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum gildir sú hefð að nemendurnir fái að upplifa, því eldri sem þeir verða, því meira ákvörðunarvald fái þeir innan skólasamfélagsins.

Foreldrasamstarf

Símaskrá

Símaskrá nemenda, foreldra og aðstandenda og starfsmanna er á Námfús og hefur hver foreldrahópur aðgang að sínum bekkjarlista. Símanúmer skólans er sýnilegt á heimasíðu skólans og <https://ja.is/>

Vefsíða

Á vefsíðu skólans koma fram allar helstu upplýsingar er varða skólastarfið. Foreldrar hafa sér svæði fyrir sig m.a. til fjáröflunar. <https://waldorfskolinn.is/>

Foreldrahandbók

Foreldrahandbók er gefin út ár hvert til að veita foreldrum og þá sérstaklega nýjum foreldrum innsýn í starf Waldorfskólans í Lækjarbotnum. Þessi handbók er til fyrir alla foreldra og geta þeir sótt bókina á foreldrahluta vefsíðu skólans. Handbókin er reglulega uppfærð.

Fréttabréf

Til þess að gefa foreldrum innsýn í daglega lífið í skólanum eru sendar út mánaðarlegar örfréttir þar sem farið er yfir helstu atriði skólastarfsins, árstíðarbundin verkefni, hátíðir og skipulag. Einnig senda umsýslunarkennarar með jöfnu millibili út tölvupósta til þess að leyfa foreldrum að fylgjast með því sem er í gangi hverju sinni hjá bekknum.

Samfélagsmiðlar

Skólinn er með opnar Facebook- og Instagram síður þar sem valdar myndir birtast til að gefa foreldrum myndræna innsýn í skólastarfið. Gætt er að því að ljósmyndir séu ekki persónugreinanlegar til að uppfylla persónuverndarstefnu skólans. Einnig er virk foreldrasíða á fésbókinni þar sem foreldrar og starfsmenn hafa möguleika á að deila almennum upplýsingum um skólastarfið.

Mat á skólastarfi

Með lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er skólum gert að meta allt skólastarf með kerfisbundnum hætti. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat sem er það kerfi sem skólinn setur sjálfur upp til að meta grunnþætti í starfi sínu og hins vegar ytra mat sem er þá mat utanaðkomandi aðila.

Á vikulegum starfsmannafundum fer fram formlegt innra mat á skólastarfinu. Á fundunum eru þættir eins og nemenda- og starfsmannakannanir, foreldrafundir og foreldrasamtöl ígrunduð og metin, framkvæmd hátíða og skólaskemmtana er endurmetin, þemadagar og aðrar uppákomur svo sem starfsdagar, námskeið og fyrirlestrar eru teknar fyrir eftir að atburður hefur átt sér stað. Lagt er mat á undirbúning, framkvæmd og gildi atburðarins. Í matsferlinu koma oft fram hugmyndir að breytingum sem eru teknar saman og skoðaðar við undirbúning fyrir næsta skipti. Endurmatið er skráð í fundargerð sem síðar er tekið saman og skráð í viðburðarmöppu, eftir því sem við á. Endurmatið er haft til hliðsjónar við skipulagningu á kennslu og viðburðum.

Þverfaglegir fundir um einstaka bekkjardeildir eru haldnir reglulega þar sem fjallað er um bekkinn sem félagslega heild og einstaka nemendur. Tilgangur þverfaglegu fundanna er að skapa sem mesta heild milli bóklegra, verklegra og listrænna námsgreina og jafnframt að skapa sameiginlega vitund um nemendur innan hvernar bekkjardeildar. Þetta er skráð í bekkjarmöppu. Jafnframt eru haldnir fagfundir kennslustiga þar sem saman koma kennarar elsta stigs, mið stigs og yngsta stigs og ræða kennslu, gögn, og samþættingu milli greina og ára. Námsmat nemenda og sjálfsmat kennara er framkvæmt við hver lotuskil.

Þess utan vinnur skólinn með grunnþætti í starfinu sem eru metnir reglulega og/eða árlega. Þeir þættir eru: *árangur náms, gæði kennslu og kennarastarfið, skipulagning náms, stjórnun, skólabragur, námskrá, starfsáætlun og skólastefnan*. Stjórnun skólans og námskrá eru þættir sem eru metnir árlega en aðrir þættir eru metnir samkvæmt langtímaáætlun skólans varðandi innra mat. Starfsmannaráð hefur umsjón með innra mati skólans og skipulagi þess.

Viðfangsefni innra mats 2025-2026

Þeir þættir sem eru viðfangsefni innra mats þetta skólaárið eru eftirfarandi:

- Skólabragur
- Árangur náms
- Gæði kennslu og kennarastarfið
- Stjórnun
- Námskrá
- Stefnuskrá og einkunnarorð skólans

Umbótaáætlun

Eftirfarandi þætti verður unnið með í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2025-2026. Byggir umbótaráætlunin á gögnum og niðurstöðum innra mats undangengið skólaár:

- Innleiða matsferla
- Innleiða endurskoðað námsmat, lotumat og leiðsagnarmat.

- Innleiða nýja læsisstefnu.
- Uppfæra skólanámskrá með tilliti til þróunar námsvísa.
- Gera umbætur á námsumhverfi nemenda og kennara.
- Innleiða umbætur á innra mati.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Námsmat	Innleiða matsferla og viðmið námsmats, lotumats og leiðsagnarmats.	Námsmat Leiðsagnarmat Lotumat	Skólanámskrá Kennsluáætlanir Gátlistar Námsmatsgögn	Skólaárið 2025-2026	Skólanefnd og starfsmannaráð
Innra mat	Innleiða umbætur í skipulagi- og umbótum innra mats	Innra mat Waldorfskólans	Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla Skýrsla Ásgarðs um innra mat Waldorfskólans Lækjarbotnum	Skólaárið 2025-2026	Skólanefnd og starfsmannaráð
Uppfæra námsskrá	Uppfæra námsskrá með tilliti til þróunar námsvísa	Mat á skólanámskrá	Farið yfir verkferla og skólanámskrá	Haustönn 2025-2026	Skólanefnd og starfsmannaráð
Ný læsisstefna	Að innleiða nýja læsisstefnu skólans	Hæfniviðmið	Lotumat, skimanir, lesfimis athuganir	Skólaárið 2025-2026	Skólanefnd umsjónarkennarar og læsisteymi í samvinnu við og menntasvið Kópavogsbæjar
Gera umbætur á námsumhverfi nemenda og kennara.	Bæta kennslurými og aðstöðu nemenda og kennara almennt	Að húsnaði og aðbúnaður tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks.	Umhverfis- og Menntasvið Kópavogs	Skólaárið 2025-2026	Skólanefnd og starfsmannaráð

Upplýsingar um stoðþjónustu

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan Urðahverfi sinnir lögbundinni heilsugæslu fyrir Waldorfskólann. Annað hvert ár boða hjúkrunarfræðingar nemendur til sín í Urðarhverfi til að sinna mælingum á vexti og þroska. Einnig er gerð hefðbundin skimun með sjón-, lit- og heyrnarmælingum. Einu sinni til tvisvar að vetri hefur skólinn staðið fyrir því að fá hingað til lands mannspekilækni. Mannspekilæknar eru með hefðbundna læknamenntun í grunninn en hafa því til viðbótar numið mannspekilækningar. Mannspekilæknir sinnir fyrst og fremst fræðslu og ráðgjöf til foreldra og starfsfólks.

Námsráðgjafi

Námsráðgjöf er hagað þannig að nemendur í elstu árgöngum skólans fá samtöl hjá námsráðgjafa á vegum Kópavogsbæjar varðandi framhaldsnám, starfskynningar og áhugasviðskannanir. Öðrum hlutverkum námsráðgjafa er sinnt með aðkeyptri þjónustu.

Sálfræði- og barnaverndarþjónusta

Sérfræðiþjónusta vegna nemenda er sótt til skólasviðs Kópavogs. Nemendur skólans hafa haft möguleika á að nýta sér þjónustu sem barnaverndarnefnd Kópavogsbæjar eða önnur sveitarfélög bjóða upp á í þeim tilfellum sem til þarf. Nemendaverndarráð ásamt umsjónarkennarar skólans hafa milligöngu með að nálgast þessa þjónustu.

Önnur sérfræðiþjónusta

Skólinn hefur aðgang að faglegri sérkennslu- og kennsluráðgjöf hjá Menntasviði Kópavogs. Waldorfskólinn Lækjarbotnum leitar annarrar ráðgjafar svo sem frá sérfræðingum á sviði einhverfu, aðstoðar iðjupálfa og fleira þegar sú staða kemur upp.

Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Skólinn hefur löngum lagt mikla áherslu á ferðalög sem mikilvægt tækifæri til þroska jafnt fyrir einstaklinginn og hópinn. Allir bekkir fara í eina eða fleiri ferðir yfir árið. Þetta eru bæði dagsferðir og lengri ferðir innanlands. Eldri bekkir skólans hafa einnig farið erlendis.

Eldri bekkir skólans hafa gist einu sinni til tvisvar á önn í skólanum til að styrkja tengslin innan bekkjarins og brjóta upp skólastarfið hverju sinni. Ýmsar aðrar uppákomur hafa verið, t.d. jólaball og hrekkjarvökuball sem nemendaráð skipuleggur og uppákomur í tilefni af öskudeginum. Einnig hafa eldri bekkingar í gegnum nemendaráð átt gott samstarf við eldri bekkina Sólatafa á undanförunum árum og hafa margir skemmtilegir viðburðir verið skipulagðir út frá þeirri samvinnu.

Foreldrafélag Waldorfskólans stendur fyrir ýmis konar uppákomum. Jólabasarinn er árlegur viðburður og taka foreldrar þátt í undirbúningi með þátttöku í ýmskonar vinnu við gerð handverks sem er til sölu á basarnum. Vinnuhelgi er mikilvægur félagslegur viðburður í Lækjarbotnum bæði á haustönn og vorönn. Þá hittast fjölskyldur barnanna með börnin með sér og sinna ýmis konar viðhaldi og umbótum á skólahúsnæði og útileiksvæði. Vinnuhelgar er skipulagðar af foreldrafélaginu og starfsfólki skólans.

Símenntun

Starfsþróunaráætlun Waldorfskólans Lækjarbotnum er skjal í þróun þar sem skráð eru námskeið, fyrirlestrar og fræðslufundir sem skólinn skipuleggur fyrir starfsmenn sína.

Við skólann starfar skólanefnd sem ber ábyrgð á símenntun starfsmanna skólans. Starfsþróun er almennur áætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla eftir nánara samkomulagi við kennara og starfsmenn. Starfsþróun má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum. Fagráð ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Endanleg ákvörðun símenntunar er í höndum starfsmannaráðs en skólanefnd ber endanlega ábyrgð á að símenntun starfsmanna sé í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans.

Námskeið og gestakennarar

Í ágúst á hverju ári er haldið viku námskeið „Oslokurs“ í Waldorf uppeldis- og kennslufræðum á vegum Steiner-höyskolen Oslo og Rudolf Steiner University College í Noregi. Flestir kennarar og starfsmenn við skólann fara á þetta námskeið sem er viðurkennd símenntun fyrir Waldorf kennara á norðurlöndum en nokkrir hafa valið að fara á aðrar ráðstefnur og námskeið sem lúta að þeirra sérsviði, til dæmis stærðfræði, upplýsinga- og tæknimennt og stjórnun. Allir kennarar og starfsmenn í skólanum hafa möguleika á að sækja þá símenntun sem þeir hafa áhuga á. Í byrjun ágúst 2025 var Oslokurs haldinn og sóttu kennarar og starfsmenn skólans námskeið sem stóð yfir dagana 4.-7. ágúst.

Kennarar og starfsmenn sækja til námssjóðs síns stéttarfélags til að efla sig sem fagmenn í starfi. Skólinn getur sótt námsstyrki til stéttarfélaga ef sá kostur er fyrir hendi. Tekið skal mið af starfsþróunaráætlun og stefnu skólans við mat á fyrirgreiðslum.

Leiðir við starfsþróun

- starfsmenn læra saman og þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu,
- lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti,
- fræðsla og faglegar umræður á vikulegum kennarafundum, skipulagt og undirbúið af skólanefnd,
- námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/starfsmenn sækja sjálfir.

Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun í Waldorfskólanum Lækjarbotnum 2025-2026

Heiti	Viðfangsefni	Tími	Þátttakendur	Umsjón
Steinerhøgskolen - kennslufræði á háskólastigi	Grunnnám Meistarnám	2025-2026 Haust- og vorlota	Allt starfsfólk	Skólanefnd
Endurmenntunarnámskeið Oslo	Námsefni tengt kennslu allra fagreina og árganga.	04.08-07.08 2025	Allt starfsfólk	Skólanefnd
Símenntun/ýmiss námskeið á vegum skólans	Símenntun í fjölbreyttum kennsluaðferðum	2025-2026	Allt starfsfólk	Skólanefnd
Starfsmenntun með Godi Keller	Einstaklingsmiðuð leiðsögn og fyrirlestrar	2025-2026 Haust og vorönn	Allt starfsfólk og foreldrar	Skólanefnd
Sérfræðinámskeið	Waldorfkennsla í handverki og náttúruvísindum	2025-2026	Allt starfsfólk	Skólanefnd

Fyrirlestrar fyrir kennara, foreldra og almenning:


Skólinn stendur að fyrirlestrum yfir veturinn og námskeiðum sem hafa verið opin skólasamfélaginu og almenningi. Skólinn tekur einnig á móti hópum, t.d. frá öðrum skólum sem vilja fá stutt námskeið um Waldorf uppeldis- og kennslufræði. Skólinn hefur sent starfsfólk sitt á ýmsa fyrirlestra og námskeið tengd stefnu skólans á vegum Stroku, mannspekiseturs, staðsett í Kópavogi. Starfmenn og kennarar skólans sækja einnig mánudagsfyrirlestra hjá fræðsluviði Kópavogs.

Innra samstarf og endurmenntun

Á vikulegum fundum starfsmannaráðs eru teknir fyrir fyrirlestrar eða fagbækur um Waldorf uppeldisfræði, kennsluhætti og aðlögun námsefnis að skólanámskrá. Að auki hafa reyndari kennarar skólans markvisst leitt samkennara sína inn í sín störf til að efla heildarsýn á nám nemendanna og stuðla að heilsteyptara samstarfi, þetta er gert með bæði jafningjafræðslu og teymiskennslu. Skólanefnd fundar mánaðarlega með umsjónarteymum á yngra-, mið og unglingastigi eða oftast ef þess er þörf.

Rýmingaráætlun

Í Hjá Waldorfskólanum Lækjarbotnum og Waldorfleikskólanum Yl er í gildi áætlun um rýmingu skólahúsa ef upp kemur eldsvoði eða annað sem krefst þess að byggingar séu rýmdar í flýti. Á hverju hausti fara umsjónarkennarar yfir þessa áætlun með nemendum og æfa viðbrögð bekkjarins. Á hverju hausti fer einnig fram allsherjar æfing sem nær til allra starfsmanna og nemenda skólans og leikskólans þar sem viðbrögð eru æfð.



Starfssvæði og kort

Starfssvæðiskort og nafnalistar eru í hverri skólastofu ásamt öryggiskössum. Í upphafi hvers skólaárs er farið yfir rýmingaráætlun með starfsfólki skólans og hver lærir sitt hlutverk. Mikilvægt er að allir starfsmenn aðstoði við framkvæmd áætlunar. Í viðbragðsstjórn sitja einn fulltrúi leikskóla og tveir fulltrúar skóla.

Helstu starfssvæði:

- A. aðalaðkoma skólans/leikskólans,
- B. aðkoma sjúkrabíla (að og frá),
- C. staðsetning síma/tölvu,
- D. slysastofa,

- E. söfnunarsvæði lítið slasaðra,
- F. söfnunarsvæði í upphafi utanhúss,
- G. söfnunarsvæði eftir frumathugun vegna rýmingar skólans/leikskólans,
- H. lendingarsvæði þyrllu.

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

Matráður fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboði kemur.

1. Matráður kannar orsök og hvort hættuástand er að ræða. Slekkur á brunabjöllu, en ef eldur er laus fer brunabjalla strax aftur í gang.
2. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofa og fara eftir rýmingaráætlun hvernar kennslustofu fyrir sig.
3. Matráður hringir í öryggismiðstöð eða neyðarsíma 112 og gefur skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista.
4. Starfsfólk rýmir skólann og fer á söfnunarsvæði F (eldstæði).
5. Þegar komið er á söfnunarsvæðið fer hver hópur á sitt svæði og kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta að allir nemendur hafi komist út. Ef ekki: ber honum að tilkynna það umsjónarmanni söfnunarsvæðisins, ritara.
6. Ritari fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér og hvar þeir sáust síðast. Ritari hefur með sér möppu með nafnalistum hvers stigs ef umsjónarkennari hefur ekki sinn nafnalista.
7. Ef slökkvilið kemur á staðinn þá er það matráður eða fulltrúi úr viðbragðsstjórn hans sem gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
8. Farið er með nemendur og starfsfólk í Skemmuna eftir nafnakall hvers bekks og deildar fyrir sig.

Rýmingar á kennslustofum

1. starfsmaður velur flóttaleið,
2. allir safnast saman við eldstæði, svæði F,
3. leikskólabörn raða sér upp í klukkuröðun en bekkir í árgangaröð, frá yngsta og upp í elsta bekk,
4. umsjónarkennarar hafa með sér nafnalista og merkja við,
5. ef eldur kemur upp í frímínútum safnast nemendur saman af lóð á svæði F (eldstæði),
6. starfsfólk í eldhúsi hefur umsjón með rýmingu á sal rauða hússins,
7. ritari telur starfsfólk og tekur mætingabók og starfsmannalista,
8. rýming tekur um 4 mínútur.

Kennari yfirgefur síðast byggingu og lokar dyrum.

Viðbrögð við vá

Ef upp kemur vá er öryggisteymi skólans kallað saman til ráðgjafar og aðstoðar.

Veikindafaraldur

Á vef embættis landlæknis er að finna áætlun sem skólinn vinnur eftir ef upp kemur veikindafaraldur.

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta

Verði jarðskjálfti á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun almannavarna ríkisins. Kennarar fara yfir viðbrögð við jarðskjálfta á haustönn.

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

Viðbragðsáætlun við eldgosi

Yfirleitt gera eldgos boð á undan sér á jarðskjálftamælum en verði eldgos á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun almannavarna.

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/>

Viðbragðsáætlun vegna óveðurs

Farið er eftir tilmælum almannavarna í útvarpi og veðurfréttum. Mikilvægt er að foreldrar fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Skólinn er opinn nema annað sé tilkynnt. Ef óveður brestur á á skólatíma skal hafa í huga að nemendur eru öruggir í skólanum og foreldrar þurfa ekki að hafa áhyggjur af börnum sínum. Rúta með nemendum fer ekki af stað nema að vel athuguðu máli og í samráði við björgunarsveitir ef búið er að lýsa yfir óveðurstigi eða ófærð.

Ef fella þarf niður kennslu vegna óveðurs á skólatíma er viðbragðsáætlun vegna óveðurs virkjuð:

- a) **Fyrirséður stormur:** veðurnefnd leikskóla og skóla taka ákvörðun um lokun skóla að fengnu samráði við rútufyrirtæki og með tilliti til tilkynningar frá veðurstofu.
- b) **Ófyrirséður stormur:** veðurnefnd leikskóla og skóla taka ákvörðun um brottfaratíma. Nefndarmenn skipa hópstjóra sem sér um að raða í rútur og stýrir á staðnum. Skrifstofa sér um að hafa samband við neyðarlínu 112. Send eru út boð til foreldra með hefðbundnum hætti. Nemendum er komið í hendur forráðamanna í öruggri fylgd starfsmanna eða annarra aðila sem til þess eru fengnir, til dæmis björgunarsveit.

Rútubjónustu

Vegna staðsetningar skólans í Lækjarbotnum þá býður skólinn upp á akstur til og frá skóla fyrir þá sem kjósa. Tvær rútur, Sólarrútan og Fuglarútan, koma að daglegum skólaakstri: Önnur rútan er með um 28 nemendur og einn starfsman auk bílstjóra. Hin er með um 62 nemendur og tvo starfsmenn auk bílstjóra.

Daglegar ferðir:

Sólarúta: Mjódd - Norðlingaholt - Lækjarbotnar

Fuglarúta: Kjarvalsstaðir - Lækjarbotnar.

Sólarúta:

Rútan mætt í Mjódd kl. 7:55 - Brottför kl. 8:05.

Frá Norðlingaholti kl. 8:20.

Komin í Lækjarbotna kl. 8:30.

Frá Lækjarbotnum kl. 14:30.

Frá Norðlingaholti kl. 14:45.

Komin í Mjódd kl. 15:00.

Fuglarúta:

Rútan mætt að Kjarvalsstöðum kl. 7:55 - Brottför kl. 8:05.

Komin í Lækjarbotna kl. 8:30.

Frá Lækjarbotnum kl. 14:30.

Komin á Kjarvalsstaði kl. 14:55.

Skólamáltíðir

Í skólanum er boðið upp á fjölbreytt og næringarríkt fæði (fjóra daga í viku). Áhersla er lögð á lífrænt ræktað græn- og kornmeti við matreiðslu skólamatar. Matráður eldar allan mat frá grunni og matseðill skólans tekur mið af árstíðum og framboði hverju sinni.

Skólinn á sinn eigin matjurtagarð, gróðurhús, jurta- og ávaxtagarð og berjabrekkur. Á vorin sjá nemendur um að sá og setja niður útsæði í skólagarðana en að hausti er ríkuleg uppskera. Nemendur mæta í skólann í ágúst og uppskera en uppskerutíminn stendur allt fram í október.

Skólaeldhúsið verslar beint frá bændum lífrænt grænmeti sem búið er að yfir veturinn. Aðaluppistaða matseðils skólans er grænmetisfæði, en á ákveðnum hátíðum er breytt til og þá er boðið upp á kjöt (Lokadagur Furudalsviku, jólamatur, Þorablót og Sprengidagur).

Annað er varðar starfsemi skólans ár hvert

Skólinn er opin frá 8:30-14:30. Veikindi nemenda eru skráð í Námfús af forráðamönnum og ef óskað er eftir leyfi á sér stað samtal við viðkomandi bekkjarkennara. Leyfi lengri en 3 skóladagar samfelld þarfnast samþykkis skólastjóra.

Skrifstofa skólans er opin alla almenna kennsludaga frá 8:30-12:30.

Skólaráð

Skólaráð hefur fjallað um starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2025-2026 og samþykkt hana án athugasemda.

Sjá fylgiskjal með undirskriftum.